



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Kjarvalssýningar
15. október 2005**

Góðir sýningargestir

Iðulega þegar hingað kemur áhrifafólk í alþjóðlegum listaheimi eða kunnáttumenn í myndlist á veraldarvísu, góðir gestir sem sækja Ísland heim í fyrsta sinni, hef ég gengið með þeim um sali íslenskra listasafna og gert mér að leik, bæði til fróðleiks og yndis, að gefa hinum erlendu gestum lausan tauminn, láta þá eina vega og meta verkin sem til sýnis eru, láta þá dæma hver sé meistarinn í sveit málaranna sem verkin skapa.

Ávallt hefur niðurstaðan verið á sama veg. Verk Kjarvals sett í öndvegi og gestirnir spyrja gjarnan undrandi hvaða galdramaður hafi haldið þar á pensli, hví heimsfrægðin hafi ekki orðið hlutskipti hans.

Sú ágæta listakona Roni Horn hefur sagt mér að jafnan þegar hún komi til Íslands með sveit ungs listafólks leiði hún þau á Hótel Holt, inn á barinn þar sem andlitsteikningar Kjarvals prýða vegg, segi þeim að opna nú augun og andann því þar geti að líta mesta fjársjóð slíkra verka sem til sé í veröldinni, enginn málari, hvorki frá Evrópu né Ameríku, hafi haft til að bera álíka snilld; vistarveran á Hótel Holti listaundur, hvergi sé til teikningasafn með slíku handbragði snillings.

Þegar forseti Ítalíu Oscar Luigi Scalfaro kom hingað í opinbera heimsókn fyrir fáeinum árum var honum að venju vel fagnað á Bessastöðum en fljótlega stóð hann hugfanginn við mynd Kjarvals: Mosi og hraun, málverk sem endurskapar smásæja litadýrð í návígi íslenskrar náttúru, fjöllin óljós í fjarska.

Scalfaro hélt í fyrstu að hér væri um að ræða abstraktverk enda hafði hann þá ekki séð hraunbreiður landsins, en svo hreifst hann af verkum Kjarvals að hann bauð íslenskum málurum að sýna í hinni fornfrægu byggingu Englakastalanum í Róm og var það í fyrsta sinn í nær tvö þúsund ára sögu að málverk voru sett þar á vegg.

Ég nefni þessi dæmi hér því öll eru þau til vitnis um glöggt auga gestsins, um matið á Kjarval, um sess hans í vitund þeirra sem hafa heimslitina til viðmiðunnar.

Mér hefur alltaf þótt vænt um slíkan dóm erlendra kunnáttumanna, ekki vegna þess að í honum felist eins og Laxness sagði að upphefðin komi að utan, heldur vegna þess að dómurinn setur Kjarval í samhengi við hið besta sem þekktist í veröldinni, mælir hann á kvarða sem við Íslendingar höfum vanrækt því í okkar huga er Kjarval íslenskari en flest sem íslenskt er, samgróinn vitund okkar um landið og fegurð þess.

Sjálfsvitund Íslendinga sækir í ríkum mæli efnivið í túlkun Kjarvals á merkisstöðum, í túlkun hans á Þingvöllum, Botnsúlum, Ármannsfelli, Snæfellsnesi og Skjaldbreið í ýmsum myndum, túlkun hans á litadýrð í hrauni og mosa, fíngerðum blæbrigðum við moldarbarð, sækir efni í litaljóðin um álfa og huldufólk, verur sem þjóðin hefur um aldir talið til íbúa landsins, í andlit bænda og sjósóknara sem Kjarval dregur skýrum dráttum.

Líkt og Jónas í ljóðlistinni gaf Kjarval okkur nýja sýn á þjóðarsál, skilgreindi með verkum sínum hver við erum, hvernig samhljómur okkar með náttúru landsins verður sterkur strengur í sjálfsmýndinni.

Og enn er Kjarval að koma á óvart, þótt rösk hundrað ár séu frá fæðingardeggi; enn erum við að finna nýjar víddir í verkum hans og um leið að víkka reynsluheim okkar sjálfra.

Það er því vel við hæfi að kenna sýninguna sem við opnum hér við kjarnann, Essens, og spyrja:

Hver er kjarninn í ættjarðarást okkar Íslendinga, kjarninn í tilfinningum sem listin og náttúran vekja, kjarninn í persónuleika alþýðufólks sem einfaldar en svipsterkar andlitsmyndir sýna okkur?

Svörin fela í sér vegvísi að þjóðarvitund Íslendinga.

Það er fáum gefið að skipa slíkt rúm í sálarlífi heillar þjóðar, en það gerði Halldór Laxness í bókmenntunum og Kjarval einnig í myndlistinni, í verkunum sem við sjáum hér. Væru veitt Nóbelsverðlaun í málalaglist þá væri afar líklegt að nafn hans væri þar á blaði.

Vissulega getum við Íslendingar glaðst yfir því að eiga Kjarval – en við megum ekki láta okkur nægja að gleðjast yfir því ein.

Við eigum eftir hið mikla verk að færa hann heimsbyggðinni og dómur þeirra góðu gesta sem ég nefndi fyrr er vitnisburður um að í listasölum veraldarinnar er afar líklegt að Kjarval yrði tekið með opnum

örmum. Það væri svo sannarlega verðug þakkargjöf að koma slíkri kynningu í framkvæmd.

Með þeim hvatningarorðum lýsi ég yfir að sýningin Essens, kjarninn í verkum Kjarvals, sýning í tilefni þess að 120 ár eru liðin frá fæðingu hans er hér með opnuð.